


## Frjómælingar í Garðabæ og á Akureyri í ágúst 2015

Fréttatilkynning frá Náttúrufræðistofnun Íslands, 4. september 2015.

**Garðabær.** Heildarfjöldi frjókorna varð 696 frjó/m<sup>3</sup> í ágúst sem er yfir meðallagi árána 2011-2014 (512 frjó/m<sup>3</sup>). Frjótala grasa fór aðeins einu sinni yfir 100 frjó/m<sup>3</sup> og hæst fór hún í 131 frjó/m<sup>3</sup> þann 25. ágúst. Heildarfjöldi grasfrjóa varð 544 frjó/m<sup>3</sup> sem er yfir meðallagi (401 frjó/m<sup>3</sup>). Grasfrjó voru 78% þeirra frjógerða sem komu fyrir í mánuðinum.

Alls voru borin kennsl á 15 mismunandi frjógerðir. Heildarfjöldi súrufrjóa varð 48 frjó/m<sup>3</sup> og fór hæst í 12 frjó/m<sup>3</sup> þann 7. ágúst. Lyngfrjó urðu 18 frjó/m<sup>3</sup> en minna var af öðrum frjóum. Frjókorn voru í lofti alla daga mánaðarins nema einn eða þann 16. ágúst.




Myndritið sýnir gras- og súrufrjó ásamt heildarfrjótölu í ágúst í Garðabæ. Hæst fór frjótala grasa í 131 frjó/m<sup>3</sup> þann 25. ágúst. Frjótala er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofti viðkomandi sólarhring.

**Akureyri.** Framan af í mánuðinum var fremur lítið um frjókorn í lofti. Frjótölur voru lágar og þegar aðeins vika var eftir af ágúst stefndi í heildarfjöldi grasfrjóa yrði með lágsta móti í ár enda höfðu frjótölur fyrir gras ekki farið yfir 50 frjó/m<sup>3</sup>. Þann 25. ágúst rauk frjótala grasa hins vegar upp og mældist 418 frjó/m<sup>3</sup> og hefur frjótala grasa ekki mælst hærra síðan mælingar hófust árið 1998. Þrátt fyrir þennan gríðarstóra topp mun heildarfjöldi grasfrjóa að öllum líkindum verða undir meðallagi í sumar.

Heildarfjöldi frjókorna varð 935 frjó/m<sup>3</sup> sem er yfir meðallagi (840 frjó/m<sup>3</sup>) árána 1998-2014. Grasfrjó voru eins og venja er algengustu frjójn í ágúst og voru 86% þeirra frjógerða sem komu fyrir. Heildarfjöldi þeirra varð 802 frjó/m<sup>3</sup> sem er aðeins yfir meðallagi (775 frjó/m<sup>3</sup>). Alls var borið kennsl á 17 mismunandi frjógerðir en heildarfjöldi þeirra var fremur



lág. Heildarfrjöldi súrufrjóa varð 29 frjó/m<sup>3</sup>, furufrjó 14 frjó/m<sup>3</sup> en minna var um aðrar frjógerðir.



Myndritið sýnir gras- og súrufrjó ásamt heildarfrjótölu í ágúst á Akureyri. Hæst fór frjótala grasa í 418 frjó/m<sup>3</sup> þann 25. ágúst. Frjótala er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofti viðkomandi sólarhring.

**Framundan** Að öllu jöfnu er fremur lítið um frjókorn í lofti í september en algengasta frjógerðin er grasfrjó. Á góðviðrisdögum gæti fjöldi grasfrjóa rokið upp svo að þeir sem þjást af ofnæmi gætu fundið fyrir einkennum. Frjómælingar standa út september. Yfirlit um frjómælingar í ár munu birtast á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands í október.

**Frjótölur** birtast á síðu 193 í Textavarpinu.

Einnig birtast frjótölur fyrir gras á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands um leið og frjótölur liggja fyrir:

gras: [http://www.ni.is/media/frjomaelingar/heima\\_gras2015.htm](http://www.ni.is/media/frjomaelingar/heima_gras2015.htm)

*Vinsamlega hafið samband við undirritaða ef óskað er frekari upplýsinga.*

Akureyri 4. september 2015

Lára Guðmundsdóttir

[Netfang\\_lara@ni.is](mailto:Netfang_lara@ni.is)

[www.ni.is](http://www.ni.is)

